

Hér með tilkynni ég framboð mitt til landshlutafulltrúa, fyrir hönd Austurlands – sem tekið verður fyrir á KSÍ þingi þann 24. Febrúar 2024

Ég er fæddur 1975 og uppalinn á Stöðvarfirði en hef búið á Egilsstöðum síðustu 20 árin eða svo.

Ég spilaði um 120 leiki í neðri deildum á árunum 1989 til og með 2003 – byrjað með Súlnni en endaði með Hetti. Líf mitt hefur nánast snúist um fótbolta síðan ég man eftir mér og mun gera það um ókomna tíð þar sem ég á börn í yngri flokkum Hattar sem hugsa ekki um annað en fótbolta.

Síðustu 9 árin hef ég verið formaður Rekstrarfélags Hattar ehf sem sér um rekstur meistaraflokka karla og kvenna, þó breyting hafi orðið á formennsku minni tengt kvennaliðinu fyrir tveimur árum þegar sér stjórn var stofnuð utan um stelpurnar en með þeirri breytingu var hægt að sinna þeim miklu betur og ég þá einblítt á starf mfl karla. Tel ég að þessi breyting hafi verið til batnaðar fyrir bæði kyn, verkefni dreift á fleiri hendur og ábyrgðin tengt rekstri einnig. Það er oft vont að vera með of marga bolta á lofti í einu.

Það eru því 3 lið sem eru undir mínum verndarvæng: Höttur/Huginn 2. Deild og Spyrnir 5. Deild sem og þá mín þátttaka í liði FHL sem spilar í Lengjudeild kvenna.

Ég er tilbúinn að berjast fyrir landsbyggðina með framboði þessu.

Guðmundur Bj. Hafþórsson - aka Gummó